

01. JÚNÍ
2023

HARPA
ELDBORG

Carmina Burana



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:
Carmina Burana: 60'

Tónleikarnir eru teknir upp af Rás 1 og verða sendir út sunnudaginn 10. júní.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Carmina Burana

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Gunnsteinn Ólafsson
hljómsveitarstjóri

Herdís Anna Jónasdóttir
einsöngvari

Oddur Arnbór Jónsson
einsöngvari

Þorsteinn Freyr Sigurðsson
einsöngvari

Háskóلاكórinn
Söngsveitin Fílharmónía
Kammerkór
Tónlistarháskólans í Graz
Skóلاكór Kársness
Drengjakór Reykjavíkur
Kór Akranes Kirkju

Carl Orff

Carmina Burana (1936)
Forsjón, drottning heimsins

I. Vor

Á enginu

II. Á kránni

III. Hirð ástarinnar

Blansiflór og Helena

Forsjón, drottning heimsins

Söngtexta má finna á bls. 13

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



GUNNSTEINN ÓLAFSSON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gunnsteinn Ólafsson fæddist á Siglufirði árið 1962 en ólst upp í Kópavogi. Hann stundaði nám í tónsmíðum frá unglingsaldri hjá Jóni Ásgeirssyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og stjórnaði Kór Menntaskólans í Kópavogi samhliða námi þar í fjögur ár. Gunnsteinn hélt til náms í tónsmíðum við Franz Liszt-tónlistarakademiuna í Búdapest árið 1983 og í hljómsveitarstjórn og tónfræðum við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi árið 1987, þaðan sem hann lauk námi vorið 1992. Tveimur árum síðar vann hann til verðlauna í keppni ungra norræna hljómsveitarstjóra í Björgvin í Noregi.

Frá því að Gunnsteinn sneri heim til Íslands hefur hann starfað jöfnum höndum sem tónskáld, kór- og hljómsveitarstjóri og kennari við LHÍ og MÍT. Hann vakti ungur athygli fyrir að frumflytja hér á landi nokkur merkustu verk barokktímans, svo sem *Orfeo* og *Mariúvesper* eftir Monteverdi og *Arthúr konung* eftir Purcell. Gunnsteinn hefur komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og stjórnað óperusýningum, m.a. í Íslensku óperunni og Þjóðleikhúsinu. Þá stjórnar Gunnsteinn Háskólakórnum og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, en með þeim hefur hann frumflutt fjölmörg ný íslensk verk og stórvirki á borð við óperuna *Galdraskyttuna* eftir Weber í eigin þýðingu, óratoríuna *Lobgesang* eftir Mendelssohn og *Sjávarsinfóníuna* eftir Vaughan-Williams fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit.

Gunnsteinn hefur samið margvísleg kór- og einsöngslög og ævintýraóperuna *Baldursbrá*. Þá stofnaði hann Þjóðlagahátíðina á Siglufirði árið 2000 og kom á fót þjóðlagasetri þar í bæ árið 2006 í samvinnu við heimamenn.



HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Herdís Anna Jónasdóttir stundaði söngnám við Tónlistarskólann á Ísafirði, Listaháskóla Íslands og Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín. Að loknu námi var hún ráðin til eins árs að óperustúdíói Óperunnar í Zürich. Árin 2013–2018 var hún fastráðin við Ríkisóperu Saarlands, en er nú sjálfstætt starfandi og býr í Reykjavík. Herdís hefur tekið þátt í fjölmörgum óperu- og söngleikjauppfærslum í Þýskalandi, Íslandi og Sviss. Meðal helstu hlutverka eru Adina (Ástardrykkurinn), Adele (Leðurblakan), Zerlina (Don Giovanni), Drottningin frá Schemacha (Gullni haninn), Maria (West Side Story), Eliza (My Fair Lady), Nannetta (Falstaff) og Oscar (Grímudansleikur). Á Íslandi hefur hún tvívegis sungið með Íslensku óperunni, Musettu í La boheme og í fyrra Víólettu Valery í La traviata. Herdís hefur einnig margsinnis komið fram á tónleikum, s.s. með Kammersveit Reykjavíkur, Caput-hópnum, á ýmsum tónlistarhátíðum, með Saarlensku ríkishljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Færeyja og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra, Ástralíu, sem og með minni kammerhópum og hljóðfæraleikurum, einnig í útvarpi og sjónvarpi.

Herdís Anna hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir söng sinn, m.a. hlaut hún Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir söng ársins 2022, Grímuna fyrir túlkun sína á Víólettu árið 2019 og hún var valin Söngkona ársins í Saarbrücken vorið 2016.

Á ferli sínum erlendis hefur Herdís öðlast mikla reynslu í flutningi á margs konar tónlist, jafnt ljóðasöng sem óperu, kirkjutónlist og belcanto, söngleikjum og samtímatónlist. Fyrir jólin 2021 kom út fyrsta sólóplata Herdísar *Nýir vængir*, hvar hún, ásamt Bjarna Frímanni, flytur íslensk sönglög, gömul og ný.



ODDUR ARNÞÓR JÓNSSON

EINSÖNGVARI

Oddur Arnþór Jónsson barítón lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám við Mozarteum-háskólann í Salzburg. Hann hlaut Lilli Lehmann viðurkenninguna fyrir framúrskarandi meistaraþróf. Oddur var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlauninum 2014 fyrir hlutverk sitt í *Don Carlo*, sem var frumraun hans í Íslensku óperunni. Hann hefur síðan sungið mörg hlutverk við ÍÓ, svo sem Don Giovanni, Figaro í *Rakaranum frá Sevilla* og Michael í *Brothers*, margverðlaunaðri óperu Daníels Bjarnasonar á Listahátíð 2018. Af óperuhlutverkum sem Oddur hefur sungið erlendis má nefna Wolfram í *Tannhäuser* og Kurwenal í *Tristan og Ísold*, Schaunard í *La bohème* og Jeletskij í *Spaðadrottningunni*.

Oddur hefur komið fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, með Mótettukórnum og Herði Áskelssyni í Mattheusarpassíunni og Messu í F-dúr eftir Bach, *Solomon* eftir Händel og *Te Deum* eftir Charpentier. Hann söng í *Messíasi* eftir Händel með Dómkórnum í Reykjavík undir stjórn Kára Þormar og í Jóhannesarpassíunni eftir Bach í Langholtskirkju með Jóni Stefánssyni. Oddur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar sem ljóðasöngvari, m.a. Schubert-verðlaunin og verðlaun sem besti ljóða- og óratóriuflytjandinn í Francisco Viñas keppninni í Barcelona.



ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON

EINSÖNGVARI

Þorsteinn Freyr Sigurðsson tenór fæddist á Siglufirði. Hann hóf söngnám árið 2005 hjá Elísabetu Erlingsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík og hélt því áfram við Listaháskóla Íslands. Meðfram náminu tók hann tvívegis þátt í óperustúdíói Íslensku óperunnar og söng í kór hennar. Að loknu námi hér heima stundaði hann framhaldsnám við Hanns-Eisler-tónlistarháskólann í Berlín, þar sem Scot Weir var kennari hans, og lauk meistaragráðu árið 2013. Í Berlín sótti hann einnig tíma hjá Janet Williams. Á árunum 2014–17 var Þorsteinn fastráðinn við óperuhúsið í Ulm í Þýskalandi og söng þá m.a. Camille de Rossillon í *Kátu ekkjunn*, Ferrando í *Così fan tutte*, Nemorino í *Ástardrykknum*, Bob Boles í *Peter Grimes*, Pong í *Turandot* og Don Ottavio í *Don Giovanni*. Þorsteinn söng hlutverk Spoletta í uppfærslu Íslensku óperunnar á *Toscu* haustið 2017.

Þorsteinn hefur einnig mikla reynslu af ljóðasöng og hefur komið fram á ljóðatónleikum í Þýskalandi og á Íslandi. Hann fluttist aftur heim til Íslands árið 2017 og starfar við söng, söngkennslu og kórstjórn.

Háskólakórinn

Háskólakórinn var stofnaður árið 1972 og fagnaði því hálftrar aldar afmæli sínu árið 2022. Kórinn er að jafnaði skipaður 60 til 70 nemendum við Háskóla Íslands, jafnt íslenskum sem erlendum. Kórinn kemur fram við helstu viðburði skólans, svo sem við brautskráningu nemenda auk þess að halda sjálfstæða tónleika á hverri önn. Þá fer kórinn í árlega vorferð í lok skólaárs, ýmist innanlands eða utan. Kórinn hefur tekið þátt í kóramótum erlendis og unnið til verðlauna í alþjóðlegum keppnum. Þá hefur Háskólakórinn gefið út fjölmargar hljómplötur og geisladiska með íslenskrum tónlist. Í tilefni af 50 ára afmæli sínu pantaði kórinn verkið *The Time is Now* eftir Báru Grímsdóttur og frumflutti ásamt Sinfóníuhljómsveit unga fólksins 26. mars 2022. Stjórnandi kórsins er Gunnsteinn Ólafsson.

Kammerkór Tónlistarháskólans í Graz

Söngvarar kammerkórsins koma bæði úr röðum hljóðfæraleikara og söngvara í Tónlistarháskólanum. Meðal helstu tónleika þeirra má nefna flutning á *Requiem* eftir W. A. Mozart, Sköpuninni eftir J. Haydn, *Misa Tango* eftir Luis Bacalov sem og Austurríkisfrumflutning á *Requiem ebraico* eftir Eric Zeisl í Graz sýnagógunni árið 2006.

Kórinn fór í tónleikaferðalag til Ljubljana í Slóveníu árið 2022 og var það hluti af ErasmusPLUS verkefni. Þá settu þau saman efnisskrá með tónlist eftir slóvensk og austurrísk tónskáld í samstarfi við Kammerkór tónlistarháskólans í Ljubljana og fluttu á tónleikum í Ljubljana og í Graz á alþjóðlegu kór hátíðinni *Voices of Spirit*. Í júní sama ár kom kórinn fram á opunarhátíð Styriarte, einnar helstu tónlistarhátíðar Austurríkis.

Kórinn tekur þátt í Erasmus+ verkefni árið 2023 og hefur tónskáldið Victor Urbancic að viðfangsefni og tengingu hans við Graz og Austurríki annars vegar og Reykjavík og Ísland hins vegar. Samstarfsaðilar kórsins í verkefninu eru Háskólakórinn og Menntaskóli í tónlist. Kórinn flytur á tónleikum tónlist eftir Victor Urbancic sem og önnur austurrísk tónskáld og þjóðlagatónlist og hefur það að markmiði með verkefninu að komast í kynni við skóla og kóra og stofna til frekara samstarfs. Stjórnandi kórsins er Franz Herzog

Kór Akraneskirkju

Kór Akraneskirkju skipa á hverjum tíma um 40-50 manns. Aðalhlutverk kórsins er að syngja við guðsþjónustur í Akraneskirkju en auk þess heldur kórinn tónleika að minnsta kosti tvisvar á ári og er mikilvægur hluti af menningarlífi Akraneskaupstaðar. Efnisskráin hefur verið fjölbreytt í gegnum árin og kórinn hefur flutt stærri og minni verk tónbókmenntanna frá öllum tímum. Nefna má Fuglakabarett eftir Daníel Þorsteinsson við texta Hjörleifs Hjartarsonar á vortónleikum 2022 og Requiem eftir Gabriel Fauré síðastliðið haust. Kórinn býr sig nú undir tónleikaferð til Ítalíu 14.-21.júní nk. Stjórnandi kórsins er Hilmar Örn Agnarsson

Söngsveitin Fílharmónía

Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð árið 1959 af dr. Róbert Abraham Ottóssyni og áhugafólki um flutning sigildra kórverka. Kórinn starfaði náið með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrsta aldarfjórðunginn en síðan á eigin vegum. Verkefni hafa verið afar fjölbreytt, allt frá sigildum kórverkum til léttari tónlistar af ýmsu tagi. Á undanförunum árum hefur Söngsveitin Fílharmónía reglulega tekið þátt í tónleikum á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, s.s. „Klassíkinni okkar“, *Þýskri sálumessu* eftir Brahms og fl. Kórinn hefur einnig komið fram með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Ungsveit Sinfóníunnar, tekið þátt í kvikmyndatónleikum með *Hringadróttinssögu*, tónleikauppfærslu á söngleikjum og hann söng með stjórnutenórnum Andrea Bocelli á stórtónleikum vorið 2022. Sama vor flutti Söngsveitin Fílharmónía *Requiem* eftir Giuseppe Verdi í tilefni af 60 ára afmæli kórsins og í desember síðastliðnum flutti kórinn *Jólaóráttiruna* eftir J. S. Bach. Söngsveitin Fílharmónía fer reglulega í tónleikaferðir og hefur sótt kóramót víða um Evrópu, síðast til Salzburgar í Austurríki sumarið 2022 þar sem kórinn tók þátt í flutningi á *Krýningarmessu* Mozarts og í kórakeppni og bar þar sigur úr bítum. Kórinn hefur að undanförunu unnið að upptökum á íslenskri kórtónlist og gefið út á helstu streymisveitur.

Söngsveitin Fílharmónía tók þátt í flutningi verksins *Carmina Burana* eftir Carl Orff þegar það var flutt í fyrsta skipti á Íslandi árið 1960. Síðan þá hefur kórinn margsinnis flutt verkið í heild sinni eða að hluta. Síðast flutti kórinn verkið í heild sinni árið 2013 ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Stjórnandi kórsins er Magnús Ragnarsson

Drengjakór Reykjavíkur

Drengjakór Reykjavíkur er eini starfandi drengjakór landins. Kórinn, sem í upphafi hét Drengjakór Laugarneskirkju, fagnaði 30 ára starfsafmæli árið 2020 en hann var stofnaður árið 1990 af Ronald Turner, þáverandi organista Laugarneskirkju. Friðrik S. Kristinsson stjórnaði kórnum á árunum 1994-2015 og flutti hann í Hallgrímskirkju 2004 þar sem hann tók upp nafnið Drengjakór Reykjavíkur. Haustið 2015 tók Steingrímur Þórhallsson við stjórn kórsins og flutti hann í Neskirkju þar sem kórinn hefur haft aðsetur síðan. Þorsteinn Freyr Sigurðsson hefur stjórnað DKR síðan 2019. DKR skipa nú um 20 drengir á aldrinum 8-15 ára. Sungin er tónlist af ýmsum toga, bæði trúarleg og veraldleg, gömul og ný. Fléttað er inn fræðslu um tónlist og sönggleðin er í fyrirrúmi.

Drengjakór Reykjavíkur heldur árlega jóla- og vortónleika auk þess að koma fram við ýmis tilefni. Kórinn syngur í messum, á ráðstefnum, sem gestakór og við fleiri tilefni sem til falla. DKR tók þátt í uppfærslu Íslensku óperunnar á *Tosca* eftir Puccini árið 2017 og kom fram í sjónvarpsþættinum Kórar Íslands sama ár. Af nýlegum verkefnum kórsins má nefna jóladisk Olgu Vocal Ensemble, *Winter Light*, aukaleik í kvikmyndinni *Abbababb*, upptökur fyrir kvikmyndatónlist og auglýsingar og þátttöku í alþjóðlegu drengjakórahátíðinni The Boys are Singing í samstarfi við Sofia Boys Choir frá Búlgaríu.

Skólakór Kársness

Skólakór Kársness var stofnaður árið 1976 og hefur frá upphafi haft mikilvægt hlutverk í skólastarfi Kársnessskóla. Sönghefðin er rík í Kársnessskóla en allir nemendur skólans koma að kórustarfinu á sínum námsferli. Alls eru hátt í 400 börn í kór á hverju ári en þúsundir barna hafa farið í gegnum kórustarfið í gegnum tíðina. Skólakór Kársness tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum, allt frá skólasamkomum til stærri verkefna hérlendis og erlendis. Kársneskórarnir hafa gefið út tónlist og tekið þátt í mörgum samstarfsverkefnum. Alla tíð hefur markmið kórustarfsins verið að kynna íslenska tónlist. Jafnt hérlendis sem erlendis hafa mörg verk verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Kórinn hefur einnig ferðast víða og tekið þátt í kóramótum og menningarhátíðum fyrir Íslands hönd.

Þórunn Björnsdóttir var stjórnandi kórsins til 40 ára en hún og Álfheiður Björgvinsdóttir sameinuðu krafta sína árið 2015 áður en Álfheiður tók við keflinu.



CARL ORFF

CARMINA BURANA

Carmina Burana þýðir „söngvar frá Beuren“ og er þar átt við klaustrið Benediktbeuren í Bæjaralandi, suður af München. Í klaustrinu varðveittist um aldir handrit sem telja verður einstætt. Það var skrifað á fyrri hluta 13. aldar – um líkt leyti og Snorri Sturluson setti saman sínar bækur – og geymir í senn stærsta safn veraldlegra kvæða á latínu sem um getur og elsta varðveitta safn kvæða á þýsku. Efni kvæðanna er fjölbreytt og þótt sum fjalli um alvarleg efni eru langflest þeirra drykkjuvísur og blautlegur kveðskapur ýmiss konar. Nöfn skáldanna koma hvergi fram í handritinu en líklegt þykir að kvæðin séu mörg komin frá farandsöngvurum sem höfðu í sig og á með kveðskap og söng. Handritið er talið upprunið sunnarlega í Austurríki eða Týról en ekki er vitað hvernig það barst til Benediktbeuren. Þegar klaustrið var lagt af árið 1803 barst handritið í Hirðbókasafnið í München og smám saman tók að spyrjast út hvílíkan fjársjóð það hefur að geyma. Nokkur kvæðanna komust fljótlega á prent en safnið í heild, yfir 250 kvæði, var fyrst gefið út árið 1847. Ný heildarútgáfa var prentuð árið 1930 og það var upp úr því sem tónskáldið og tónmenntafrömuðurinn Carl Orff (1895–1982) dróst að þessu efni og valdi sér 24 kvæði til að tónsetja. Verkið nefndi hann eftir kvæðasafninu og kallaði *Carmina Burana*. Það var frumflutt í óperunni í Frankfurt í júní 1937 og sló svo rækilega í gegn að það yfirskyggði fljótlega allar aðrar tónsmíðar Orffs – hann er fyrst og fremst þekktur fyrir þetta eina verk.

Í handritinu frá Benediktbeuren eru á nokkrum stöðum dregnar fallegar myndir sem kallast á við efni kvæðanna. Þar má sjá tré í sumarskrúða, elskendur á hjali, menn að drykkju og spilum og síðast en ekki síst gæfuhjólíð sem táknar hið hverfula veraldarlán. Orff valdi sér kvæði í samræmi við þessi sömu þemu, skipti þeim í þrjá hluta og rammaði inn með kvæðinu O fortuna, sem fjallar um hverfuleikann. Í fyrsta hluta, eftir hið kröftuga upphaf, er vorinu fagnað með söng og dansi. Þá kemur miðhlutinn, sem gerist á kránni. Það er ekki staður fyrir konur og því syngja þar eingöngu karlar – og einn óheppinn svanur sem steiktur er á teini! Þriðji hlutinn er helgaður ástinni, misholdlegri, áður en örlagakórinn O fortuna er endurtekinn.

Verkið kallar á stóra áhöfn: sífóníuhljómsveit með myndarlegri slagverksdeild, tveimur píanóum og selestu; barnakór og tvo blandaða kóra, stóran og lítinn, og þrjá einsöngvara. Segja

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Carmina Burana var fyrsta verkefnið sem Söngsveitin Filharmónía tókst á við þegar hún var stofnuð haustið 1959. Verkið var flutt í þrjúgang í Þjóðleikhúsinu vorið 1960 undir stjórn dr. Róberts A. Ottóssonar og tók Þjóðleikhúskórinn einnig þátt í flutningnum ásamt hljóðfæraleikurum úr SÍ. Einsöngvarar voru Þuríður Pálsdóttir, Þorsteinn Hannesson og Kristinn Hallsson. Verkið hefur oft hljómað hér á landi síðan, ýmist með hljómsveit eða í útgáfu fyrir tvö píanó og slagverk. Eftirminnileg er sviðsett uppfærsla Íslensku óperunnar árið 1990. Þetta er í sjötta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands gengst fyrir flutningi verksins. Það var fyrst á dagskrá hennar í desember 1975 þegar Söngsveitin Filharmónía og Háskólakórinn tóku þátt í flutningnum, rétt eins og nú.

má að í tónlistinni tefli Orff saman tveimur elementum: annars vegar grípandi laglínur þar sem greina má áhrif frá Þjóðlögum og einnig endurreisnartónskáldum eins og Claudio Monteverdi; hins vegar rytmísku hljómsveitarspili sem sækir marga til verka Ígors Stravinskíjs. Kórarnir syngja hómófónískt, þ.e.a.s. að þar er ekki beitt fjölröddun í anda barokktímans, en hins vegar nýtir Orff sér vel eiginleika textans og lætur hann kynda undir rytmískri spennu. Þetta heyrir strax í upphafskórnum og er líka áberandi í dansköflunum í fyrsta hluta. Ljóðrænan í verkinu kemur einkum í hlut einsöngvaranna. Þar er þáttur barítónsins mestur; hann syngur um ástarraunir en bregður sér líka í hlutverk drykkfellda ábótans á kránni. Tenórhlutverkið einskorðast við hinn kostulega raunasöng svansins á teininum en sópransöngkonan fær að skína í falletum og á stundum ástríðuþrungnum söngvum um ástina í þriðja hluta.

Orff fylgdi velgengninni 1937 eftir með tveimur verkum í sama anda, *Catulli Carmina* (1943) og *Trionfo di Afrodita* (1951), en þau náðu ekki viðlíka hylli og *Carmina Burana* sem er sívinsælt viðfangsefni kóra og hljómsveita víða um heim og hefur einnig fest djúpar rætur í heimi afþreyingarmenningar. Það gildir ekki síst um upphafskórinn sem hefur endurómað í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum, auglýsingum og tölvuleikjum. Í kvöld gefst kærkomið tækifæri til að heyra hann í sínu upphaflega samhengi og skynja þann sprengikraft sem tryggði honum svo fjölbreytt framhaldslíf og verkinu í heild stöðugar vinsældir.

Svanhildur Óskarsdóttir

CARMINA BURANA

- SÖNGTEXTAR

FORTUNA IMPERATRIX MUNDI

1. O Fortuna

O Fortuna!
Velut luna
statu variabilis,
semper crescis
aut decrescis;
vita detestabilis
nunc obdurat
et tunc curat
ludo mentis aciem,
egestatem,
potestatem
dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
et inanis,
rota tu volubilis,
status malus,
vana salus
semper dissolubilis,
obumbrata
et velata
michi quoque niteris;
nunc per ludum
dorsum nudum
fero tui sceleris.

Sors salutis
et virtutis
michi nunc contraria,
est affectus
et defectus
semper in angaria.
Hac in hora
sine mora
corde pulsum tangite;
quod per sortem
sternit fortem,
mecum omnes plangite!

FORSJÓN, DROTTNING HEIMSINS

1. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
Líkt og tunglið
ertu síhverful,
ýmist vaxandi
eða minnkandi.
Andstyggilegt líf:
fyrst undir ofríki
og svo mildað
eins og verkast vill,
fátækt
og ríkidómur
bráðna sem ís.

Voldugt
og innantómt
snýst þú gæfuhjól,
fullt illkvittni.
Velferð er hégómi
sem gufar ætíð upp.
Hulið skuggum
og dulum
hrjáirðu einnig mig.
Í þessum leik
bera ég bak mitt
hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
sem dyggð
er forsjónin mér andsnúin,
ég er útkeyrður
og sligaður
í eilífum þrældómi.
Svo nú skal
án tafar
snerta titrandi strengi.
Hvar sem forsjóninni
lýstur niður
skulu allir gráta með mér!

2. Fortune plango vulnera

Fortune plango vulnera
stillantibus ocellis
quod sua michi munera
subtrahit rebellis.
Verum est, quod legitur,
fronte capillata,
sed plerumque sequitur
Occasio calvata.

In Fortune solio
sederam elatus,
prosperitatis vario
flore coronatus;
quicquid enim florui
felix et beatus,
nunc a summo corruí
gloria privatus.

Fortune rota volvitur:
descendo minoratus;
alter in altum tollitur;
nimis exaltatus
rex sedet in vertice
caveat ruinam!
nam sub axe legimus
Hecubam reginam.

1) Hekúba var drottning Tróju. Að loknu Trójustriðinu endaði hún ævina sem þræll Grikkja.

PRIMO VERE

3. Veris leta facies

Veris leta facies
mundo propinatur,
hiemalis acies
victa iam fugatur,
in vestitu vario
Phebus principatur,
nemorum dulcisono
que cantu celebratur.

2. Ég græt benjar gæfunnar

Ég græt benjar gæfunnar
með tár í augum,
því þær gjafir sem hún færði mér
hrifsaði hún til baka.
Sannlega stendur skrifað
að hún sé fagurhærð
en er grípa þurfi tækifærið
sé hún sköllótt.

Í háseti gæfunnar
sat ég hreykinn,
hinum fjölskrúðugustu
blómum krýndur.
Þó ég hafi dafnað vel
hamingjusamur og blessaður
fell ég nú úr sessi
rúinn dýrð.

Gæfuhjólið snýst:
ég fell í skömm,
öðrum er hreykt hátt.
Allt of hátt
situr konungur í háseti.
Megi hann óttast tortímingu!
Því undir öxlinum stendur skrifað
nafn Hekúbu drottningar¹.

VOR

3. Gleðiríkt andlit vorsins

Gleðiríkt andlit vorsins
brosir við heiminum.
Harður veturinn flýr
með skott milli fóta.
Skrýddur litadýrð
drottinnar Föbus² yfir ríki sínu.
Ljúfum rómi syngur
skógurinn honum lof.

Flore fusus gremio
Phebus novo more
risum dat, hoc vario
iam stipata flore.
Zephyrus nectareo
spirans in odore.
Certatim pro bravo
curramus in amore.

Í fangi Flóru³ hvílir
Föbus enn á ný,
brosandi, litskrúðugum
blómum skryddur.
Zefýr⁴ andar
nektarþrungnum blæ.
Keppumst um
verðlaun ástarinnar!

Cytharizat cantico
dulcis Philomena,
flore rident vario
prata iam serena,
salit cetus avium
silve per amena,
chorus promit virginum
iam gaudia millena.

Hörpu líkum rómi syngur
hin ljúfa svala⁵.
Í blómafjöld
kætast engin.
Fuglaskari hefur sig
til flugs yfir þýðan skóg.
Meyjakór lofar
þúsundfaldri sælu.

- 2) Föbus vísar til gríska guðsins Appólós – guðs sólarinnar.
- 3) Flóra var rómversk gyðja gróandans og vorsins.
- 4) Zefýr var hinn gríski guð vestanvinda vorsins.
- 5) Philomena var goðsöguleg persóna sem guðirnir breyttu í svölu.

4. Omnia sol temperat

Omnia sol temperat
purus et subtilis,
novo mundo reserat
faciem Aprilis,
ad amorem properat
animus herilis
et iocundis imperat
deus puerilis.

Rerum tanta novitas
in solemni vere
et veris auctoritas
jubet nos gaudere;
vias prebet solitas,
et in tuo vere
fides est et probitas
tuum retinere.

Ama me fideliter,
fidem meam nota:
de corde totaliter
et ex mente tota
sum presentialiter
absens in remota,
quisquis amat taliter,
volvitur in rota.

4. Allt vermir sólin

Allt vermir sólin,
hrein og mild,
opinberar nýjum heimi
andlit apríl.
Til ásta örvast
mannsins sál
og yfir gleðinni ríkir
bernskur guð.

Öll þessi endurfæðing
í gleði vorsins
og vorsins krafti
býður okkur að gleðjast.
Hún sýnir okkur kunnar slóðir
og í vori þínu
er þér rétt og skylt
að halda þínu.

Elska mig staðfastlega,
sjá hve ég er trúr:
af öllu hjarta mínu
og allri sálu minni
er ég með þér
jafnvel þótt ég sé víðs fjarri.
Hver sá sem elskar svo heitt
snýst á gæfuhjólínu.

5. Ecce gratum

Ecce gratum
et optatum
Ver reducit gaudia,
purpuratum
floret pratum,
Sol serenat omnia.
Iam cedant tristia!
Estas redit,
nunc recedit
Hyemis sevitia.

Iam liquescit
et decrescit
grando, nix et cetera;
bruma fugit,
et iam sugit
Ver Estatus ubera;
illi mens est misera,
qui nec vivit,
nec lascivit
sub Estatus dextera.

Gloriantur
et letantur
in melle dulcedinis,
qui conantur,
ut utantur
premio Cupidinis:
simus jussu Cypridis
gloriantes
et letantes
pares esse Paridis.

5. Sjá geðþekkt vorið

Sjá, geðþekkt
og langbráð
vorið færir gleði á ný.
Fjólublá
skryðast engin.
Sólin lýsir allt upp.
Nú er sorgum lokið!
Sumarið snýr aftur.
Nú dregur úr
heljartökum vetrar.

Nú bráðna
og hverfa
ís, snjór og annað,
vetur flýr
og nú sýgur
vorið brjóst sumars.
Blauður er sá
sem hvorki lifir
né girnist
í ríki sumarsins.

Þau fagna
og gleðjast
í sætleik hunangs
sem leitast við
að njóta
launa Kúpíðs⁶:
að skipun Afródítu⁷
skulum við fagna
og gleðjast yfir að vera
jafnokar París⁸.

6) Cupid (einnig kallaður Amor) var rómverski ástarguðinn og jafngilti hinum gríska Erosi.

7) Hér er vísað til kypversku ástargyðjunnar Afródítu.

8) París frá Tróju var dauðlegur maður sem fékk að skera úr um það hver gyðjanna væri fegursta: Hera, stríðsgyðjan Pallas Athena eða ástargyðjan Afródíta, sem hann lýsti fegursta eftir að hún beraði sig fyrir honum. Að launum veitti Afródíta honum ástir Helenu hinnar fögru (sem síðar leiddi til Trójustríðsins).

UF DEM ANGER

6. Tanz

Á ENGINU

6. Dans

7. Floret silva nobilis

Floret silva nobilis
floribus et foliis.

Ubi est antiquus
meus amicus?
Hinc equitavit.
Eia, quis me amabit?

Floret silva undique.
Nah min Gesellen ist mir we.

Gruonet der Walt allenthalben,
wa ist min Geselle also lange?
Der ist geriten hinnen.
O wi, wer sol mich minnen?

8. Chramer, gip die varwe mir

Chramer, gip die Varwe mir,
die min Wengel roete,
damit ich die jungen Man
an ir Dank der Minnenliebe noete.
Seht mich an,
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Minnet, tugentliche Man,
minnecliche Frouwen!
Minne tuot iu hoch Gemout
unde lat iuch in hohen Eren schouwen.
Seht mich an
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Wol dir, Werit, daz du bist
also freudenriche!
Ich will dir sin undertan
durch din Liebe immer sicherliche.
Seht mich an,
jungen Man!
lat mich iu gevallen!

7. Hinn eðli skógur springur út

Hinn eðli skógur springur út
í blóma- og laufskrúði.

Hvar er sá sem
ég unni forðum?
Hann er riðinn burt.
Eia! Hver vill elska mig?

Gervallur skógurinn springur út.
Ég sakna elskhuga míns.

Gervallur skógurinn grænkar.
Hvað tefur elskhuga minn?
Hann er riðinn burt.
Æ mig auma! Hver vill elska mig?

8. Kaupmaður, gef mér lit

Kaupmaður, gef mér lit,
til að rjóða í kinnar mínar
svo ég geti fengið unga menn
nauðuga viljuga til að elska mig.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

Elskaðu, góði maður
konur sem eru ástar verðar!
Ást auðgar anda þinn
og heldur þér í góðum metum.
Líttu á mig
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

Lof sé þér, veröld,
svo gleðirikri!
Ég mun vera þér trú
vegna ástar þinnar.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

9. Reie

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

Chume, chum, Geselle min,
ih enbite harte din.

Suzer rosenvarwer Munt,
chum un mache mich Gesunt.

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

10. Were diu werlt alle min

Were diu Werlt alle min
von deme Mere unze an den Rin
des wolt ih mih darben,
daz diu Chunegin von Engellant
lege an minen Armen.

9. Hringdans

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslausar
í allt sumar!

Komdu, komdu, ástin mín.
Ég þrái þig.

Sæti rósrauði munnur,
komdu og læknaðu mig.

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslausar
í allt sumar!

10. Ef allur heimurinn væri minn

Ef allur heimurinn væri minn
milli sjávar og Rínar
myndi ég neita mér um hann
fyrir Englandsdrottningu
hvílandi í faðmi mér.

IN TABERNA

11. Estuans interius

Estuans interius
ira vehementi
in amaritudine
loquor mee menti:
factus de materia,
cinis elementi
similis sum folio,
de quo ludunt venti.

Cum sit enim proprium
viro sapienti
supra petram ponere
sedem fundamenti,
stultus ego comparor
fluvio labenti,
sub eodem tramite
nunquam permanenti.

Feror ego veluti
sine nauta navis,
ut per vias aeris
vaga fertur avis;
non me tenent vincula,
non me tenet clavis,
quero mihi similes
et adiungor pravis.

Mihi cordis gravitas
res videtur gravis;
iocis est amabilis
dulciorque favis;
quicquid Venus imperat,
labor est suavis,
que nunquam in cordibus
habitat ignavis.

Via lata gradior
more iuventutis
inplicor et vitiis
immemor virtutis,
voluptatis avidus
magis quam salutis,
mortuus in anima
curam gero cutis.

Á KRÁNNI

11. Ég brenn að innan

Ég brenn að innan,
logandi af heift.
Beiskjufullur
segi ég við hjarta mitt:
af efni skapaður,
úr dufti frumefnanna,
er ég sem lauf
á vængjum vinda.

Ef það er siður
viturra manna
að byggja sér
hús á bjargi
þá er ég fífl, líkt og
bylgjandi fljót
sem á leið sinni
tekur engum breytingum.

Mig rekur líkt og
stjórnlaust skip
og í forsal vinda er ég
eins og léttur fugl á flugi.
Fjötrar binda mig ekki,
lásar halda mér ekki.
Ég sækist í mér um líka
og geng í lið með óhræsum.

Þyngd hjarta míns
sligar mig.
Það er ánægjulegt að gantast
og sætara en hunang.
Hvað sem Venus⁹ krefst
er mér ljúft og skylt að veita.
Henni dvelst aldrei
í lötu hjarta.

Ég geng hinn breiða veg
eins og ungdóms er siður.
Ég læt undan löstum
og hirði ekki um dyggð.
Ég sæki í holdsins lystisemdir
frekar en frelsun andans.
Sál mín er dauð
svo ég annast um holdið.

9) Rómverska ástargyðjan

12. Cignus ustus cantat

Olim lacus colueram,
olim pulcher extiteram,
dum cignus ego fueram.

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Girat, regirat garcifer;
me rogos urit fortiter;
propinat me nunc dapifer,

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Nunc in scutella iaceo,
et volitare nequeo
dentes frendentes video:

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

13. Ego sum abbas

Ego sum abbas Cucaniensis
et consilium meum est cum bibulis,
et in secta Decii voluntas mea est,
et qui mane me
quesierit in taberna
post vesperam
nudus egredietur,
et sic denudatus veste clamabit:
Wafna! Wafna!
Quid fecisti sors turpassi?
Nostre vite gaudia
abstulisti omnia!

12. Söngur svansins á teininum

Eitt sinn lifði ég á vötnum.
Eitt sinn var ég fagur,
er ég var svanur.

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Matsveinninn snýr mér á teini.
Ég brenn af krafti á bálinu.
Þjónninn færir mig upp á fat.

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Nú ligg ég á fati
og flýg ei meir.
Ég sé glitta í tennur...

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

13. Ég er ábótinn

Ég er ábótinn í Nautnaklaustri¹⁰
og söfnuður minn er af drykkjurútum
og ég vil ganga í reglu Desíosar¹¹
og hver sá sem leitar mín
að morgni dags á kránni
mun að loknum aftantiðum
hrökklast út nakinn
og í því klæðlausa ástandi hrópa:
Vei þér! Vei þér!
Hvað hefurðu gert, grimma forsjón?
Þú sviptir mig
allri lífsgleði!

10) Cucaniensis er goðsögulegt land allsnægta þar sem smjör drýpur af hverju stráí og allt er í öfugmælastíl.

11) Hér gæti verið átt við rómverska keisarann Desíos sem stundaði ofsóknir á kristnum kringum árið 250.

14. In taberna quando sumus

In taberna quando sumus
non curamus quid sit humus,
sed ad ludum properamus,
cui semper insudamus.
Quid agatur in taberna
ubi nummus est pincerna,
hoc est opus ut queratur,
si quid loquar, audiatur.

Quidam ludunt, quidam bibunt,
quidam indiscrete vivunt.
Sed in ludo qui morantur,
ex his quidam denudantur
quidam ibi vestiuntur,
quidam saccis induuntur.
Ibi nullus timet mortem
sed pro Baccho mittunt sortem.

Primo pro nummata vini,
ex hac bibunt libertini;
semel bibunt pro captivis,
post hec bibunt ter pro vivis,
quater pro Christianis cunctis
quinq̄ies pro fidelibus defunctis,
sexies pro sororibus vanis,
septies pro militibus silvanis.

Octies pro fratribus perversis,
nonies pro monachis dispersis,
decies pro navigantibus
undecies pro discordantibus,
duodecies pro penitentibus,
tredecies pro iter agentibus.
Tam pro papa quam pro rege
bibunt omnes sine lege.

14. Samverustund á kránni

Þegar við erum á kránni
hugsum við ekki um forgengileikann
heldur flýtum okkur að leik
svo slær alltaf út svita.
Hvað gerist á kránni
þar sem peningar ráða
er efni í spurn,
svo leggið við hlustir.

Sumir voga, sumir drekka,
sumir hegða sér ósæmilega.
En af þeim sem voga
enda sumir klæðlausir,
sumir vinna sér klæðnað,
sumir klæðast sekkjum.
Hér óttast enginn dauðann
heldur kastar Bakkusi¹² teningum.

Fyrst drekka svallararnir
vínkaupmanninum skál,
aðra fyrir fangana,
þá þriðju fyrir lífið,
fjórðu fyrir kristindóminn,
fimmtu fyrir fallna trúmenn,
sjöttu fyrir lauslátu systurnar,
sjöundu fyrir skóggangsmennina,

áttundu fyrir siðspilltu bræðurna,
níundu fyrir tvístruðu munkana,
tíundu fyrir sæfarana,
elleftu fyrir þrasarana,
tólftu fyrir þá sem iðrast,
þrettánda fyrir ferðalangana.
Þáfa jafnt sem konungi full
drekka allir hömlulaust.

Bibit hera, bibit herus,
bibit miles, bibit clerus,
bibit ille, bibit illa,
bibit servis cum ancilla,
bibit velox, bibit piger,
bibit albus, bibit niger,
bibit constans, bibit vagus,
bibit rudis, bibit magus.
Bibit pauper et egrotus,
bibit exul et ignotus,
bibit puer, bibit canus,
bibit presul et decanus,
bibit soror, bibit frater,
bibit anus, bibit mater,
bibit ista, bibit ille,
bibunt centum, bibunt mille.

Parum sexcente nummate
durant, cum immoderate
bibunt omnes sine meta.
Quamvis bibant mente leta,
sic nos rodunt omnes gentes
et sic erimus egentes.
Qui nos rodunt confundantur
et cum iustis non scribantur.

Húsfreyjan drekkur, húsbóndinn drekkur,
hermaðurinn drekkur, presturinn drekkur,
maðurinn drekkur, konan drekkur,
þjónninn drekkur með þernunni,
sá öri drekkur, letinginn drekkur,
hvítinginn drekkur, svertinginn drekkur,
sá ráðsetti drekkur, flakkarinn drekkur,
heimskinginn drekkur, vitringurinn drekkur,
fátæklingurinn og sjúklingurinn drekka,
útlaginn og aðkomumaðurinn drekka,
dregurinn drekkur, gamalmennið drekkur,
biskupinn og djákninn drekka,
systirin drekkur, bróðirinn drekkur,
kerlingin drekkur, móðirin drekkur,
þessi drekkur, hinn drekkur,
hundrað drekka, þúsund drekka.

Sex hundruð flórinur hrykkju
skammt, ef allir drykkju
hömlulaust úr hófi fram.
Í hversu mikilli gleði sem drukkið er
erum við þeir sem allir skammast yfir,
og því erum við allslausir.
Vei þeim sem bölvá okkur
og nöfn þeirra afmáð úr bók lífsins.

12) Rómverski guðinn Bakkus (sem og Diónýsos hinn gríski) var guð víns og ölvunar.

COUR D'AMOURS

15. Amor volat undique

Amor volat undique,
captus est libidine.
luvenes, iuvenule
coniunguntur merito.

Siqua sine socio,
caret omni gaudio;
tenet noctis infima
sub intimo
cordis in custodia:
fit res amarissima.

HIRÐ ÁSTARINNAR

15. Amor fer víða

Amor fer víða
á valdi ástríðunnar.
Yngismenn og -meyjar
rata saman réttilega.

Karlmannslauslausa stúlkan
fer á mis við alla gleði.
Hún felur myrka nóttina
innst inni
við hjartarætur.
Það eru ömurleg örlög.

16. Dies, nox et omnia

Dies, nox et omnia
michi sunt contraria;
virginum colloquia
me fay planszer,
oy suvenz suspirer,
plu me fay temer.

O sodales, ludite,
vos qui scitis dicite
michi mesto parcite,
grand ey dolur,
attamen consulite
per voster honur.

Tua pulchra facies
me fay planszer milies,
pectus habet glacies.
A remender
statim vivus fierem
per un baser.

17. Stetit puella

Stetit puella
rufa tunica;
si quis eam tetigit,
tunica crepuit.
Eia!

Stetit puella
tamquam rosula;
facie splenduit,
os eius fioruit.
Eia!

16. Dagur, nótt og allt hvað er

Dagur, nótt og allt hvað er
leggst mér í mót.
Af meyjahjali
brest ég í grát
og styn mikinn
og verð, ofar öllu, hræddur.

Ó, þið spottið mig vinir.
Þið vitið ei hvað þið segið.
Hlífið aumingja mér.
Sorg mín er stór.
Ráðleggið mér í það minnsta,
allranáðarsamlegast.

Fegurð andlits þíns
grætir mig þúsundfalt.
Ís í hjarta þér.
Í sárabætur
myndi ég hressast
af kossi.

17. Stóð stúlka

Stóð stúlka
á rauðum kyrtli.
Ef strokið var yfir hann
skrjáfaði kyrtillinn.
Eia!

Stóð stúlka
sem lítil rós.
Stirndi af andliti
og munn í blóma.
Eia!

18. Circa mea pectora

Circa mea pectora
multa sunt suspiria
de tua pulchritudine,
que me ledunt misere.

Manda liet, Manda liet
min Geselle chumet niet.

Tui lucent oculi
sicut solis radii,
sicut splendor fulguris
lucem donat tenebris.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

Vellet deus, vallent dii
quod mente proposui:
ut eius virginea
reserassem vincula.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

19. Si puer cum puellula

Si puer cum puellula
moraretur in cellula,
felix coniunctio.
Amore suscrescente
pariter e medio
avulso procul tedio,
fit ludus ineffabilis
membris, lacertis, labii.

18. Að hjarta mér

Að hjarta mér
þrengja andköf
yfir fegurð þinni
er leikur mig grátt.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Augu þín lýsa
sem geislar sólar,
sem leiftur eldingar
er lýsir upp myrkrið.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Guð gefi, guðirnir gefi
það sem ég hef í huga:
að ég nái að leysa
meydóm hennar úr viðjum!

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

19. Piltur og stúlka

Ef piltur á með stúlku
afvikna unaðsstund
eru samfarir þeirra góðar.
Ástin magnast,
milli þeirra
losnar um hömlur.
Hefst þá heimullegur leikur
í limum, leggjum, vörum.

20. Veni, veni, venias

Veni, veni, venias,
ne me mori facias,
hyrcæ, hyrcæ, nazaza,
trillirivos!

Pulchra tibi facies
oculorum acies,
capillorum series,
o quam clara species!

Rosa rubicundior,
lilio candidior
omnibus formosior,
semper in te glorior!

21. In trutina

In trutina mentis dubia
fluctuant contraria
lascivus amor et pudicitia.
Sed eligo quod video,
collum iugo prebeo:
ad iugum tamen suave transeo.

22. Tempus es iocundum

Tempus es iocundum,
o virgines,
modo congaudete
vos iuvenes.

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereo.

Mea me confortat
promissio,
mea me deportat
negatio.

20. Komdu, komdu, ó komdu

Komdu, komdu, ó komdu!
Ekki láta mig deyja!
Hopp og hí, trallala!
Dillidó!

Fagurt er andlit þitt
blikid í augum þínum,
lokkar hárs þíns,
Ó hve dýrðlegur skapnaður!

Rósinni rauðari,
liljinni hvítari,
öllu yndislegri,
alltaf skal ég dýrka þig!

21. Á blápræði

Á blápræði tilfinninga minna
vega salt
lostafull ást og líttlæti.
En ég kýs það sem ég sé,
og legg háls minn undir okið,
gef mig ljúfu okinu á vald.

22. Gleðistund

Það er gleðistund.
Ó, yngismeyjar,
fagnið til samlætis
ungu mönnunum.

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út!
Ég brenn allur af
ósnortinni ást!
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

Mér til léttis
er loforð mitt.
Mér til hneisu
er afneitun mín.

Oh, oh, oh...

Ó, ó, ó...

Tempore brumali
vir patiens,
animo vernali
lasciviens.

Að vetri
er maður þolinmóður.
Andblær vorsins
kveikir lostann.

Oh, oh, oh...

Ó, ó, ó...

Mea mecum ludit
virginitas,
mea me detrudit
simplicitas.

Í mig hleypur gáski
hreinleikans.
Aftur af mér heldur
einfaldleikinn.

Oh, oh, oh...

Ó, ó, ó...

Veni, domicella,
cum gaudio,
veni, veni, pulchra,
iam pereō.

Kom, frilla mín,
fagnandi.
Komdu, mín fagra,
ég dey!

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereō.

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út,
Ég brenn allur af
ósnortinni ást.
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

23. Dulcissime

Dulcissime,
totam tibi subdo me!

23. Minn ljúfasti

Minn ljúfasti!
Ég gef þér mig alla!

BLANZIFLOR ET HELENA

24. Ave formosissima

Ave formosissima,
gemma pretiosa,
ave decus virginum,
virgo gloriosa,
ave mundi luminar,
ave mundi rosa,
Blanziflor et Helena,
Venus generosa!

BLANSIFLÓR OG HELENA

24. Heill þér, fegurst meðal kvenna

Heill þér, fegurst meðal kvenna,
dýrmæti gimsteinn,
heill þér, afbragð meyja,
dýrðlega yngismær,
heill þér, ljós heimsins,
heill þér, rós heimsins,
Blansiflór og Helena¹³,
eðla Venus!

13) Hér er ástkonu ljóðmælanda jafnað við Helenu hina fögru og kvenhetju rómantísku miðaldasögunnar um Flóris og Blansiflór.

25. O Fortuna

O Fortuna
 velut luna
 statu variabilis,
 semper crescis
 aut decrescis;
 vita detestabilis
 nunc obdurat
 et tunc curat
 ludo mentis aciem,
 egestatem,
 potestatem
 dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
 et inanis,
 rota tu volubilis,
 status malus,
 vana salus
 semper dissolubilis,
 obumbrata
 et velata
 michi quoque niteris;
 nunc per ludum
 dorsum nudum
 fero tui sceleris.

Sors salutis
 et virtutis
 michi nunc contraria,
 est affectus
 et defectus
 semper in angaria.
 Hac in hora
 sine mora
 corde pulsum tangite;
 quod per sortem
 sternit fortem,
 mecum omnes plangite!

1. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
 Líkt og tunglið
 ertu síhverful,
 ýmist vaxandi
 eða minnkandi.
 Andstyggilegt líf:
 fyrst undir ofríki
 og svo mildað
 eins og verkast vill,
 fátækt
 og ríkidómur
 bráðna sem ís.

Voldugt
 og innantómt
 snýst þú gæfuhjól,
 fullt illkvittni.
 Velferð er hégómi
 sem gufar ætíð upp.
 Hulið skuggum
 og dulum
 hrjáirðu einnig mig.
 Í þessum leik
 bera ég bak mitt
 hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
 sem dyggð
 er forsjónin mér andsnúin,
 ég er útkeyrður
 og sligaður
 í eilífum þrældómi.
 Svo nú skal
 án tafar
 snerta titrandi strengi.
 Hvar sem forsjóninni
 lýstur niður
 skulu allir gráta með mér!

Hjörvar Pétursson þýddi

Háskólakórinn

Sópran

Anne Ruotsalainen
Anna Bjarnsteinsdóttir
Bianca Fino
Carla Fleischer-Daiber
Deirdre Elizabeth Clark
Diljá Þorkeldsdóttir
Guðrún Herdís Arnarsdóttir
Heiður Regn Einars
Helene Kröll
Helga Rós Araojo
Gunnarsdóttir
Jázmin Bárdos
Kai Dobrowolska
Luka Biedebach
Paula Rautoja
Rebekka Garðarsdóttir
Unnur Helga Vífildsdóttir
Wibke Linde Richter
Xenia Katrín Gonzales Muñoz

Alt

Anna Þóra Jóhannsdóttir
Antonia Hamann
Arngunnur Einarsdóttir
Faith Tse
Francesca Stoppani
Hildur Hjartardóttir
Ingibjörg Marie Elefsen
Jess Webb
Jiayun Nie
Juliane Bührdel
Kathryn Margaret Crowe
Kelci Octave
Pilvi Puhkala
Sarnaver Mwende
Sophie Antonia Kass
Sophie Boudinet
Sólruń Sif Sigurðardóttir
Urður Gunnsteinsdóttir
Ýda Helgadóttir
Zitha Ngulube

Tenór

Böðvar Dór Brynjarsson
Damos Andrés Pintér-Rápa
Ebb Mohr Vang
Frederik Ejbye Toft
Jakob Fjólar Gunnsteinsson
Jens Arinbjörn Jónsson
Ólafur Werner Ólafsson
Ryan Thomas Eckerson
Una Kamilla Steinsen

Bassi

Christian Barrera
Greipur Garðarsson
Guðlaugur Vignir Stefánsson
Guðmundur Þór Böðvarsson
Ísak Ólafsson
Konráð Atli Helgason
Linus Hüne
Márton Ágoston Dömök
Nicholas L Borbely
Ólafur Þórsson
Roope Lappalainen
Rökkvi Hlér Ágústsson
Sindri Gunnsteinsson
Snorri Hjálmarsson

Drengjakór Reykjavíkur

Ólafur Þórarinnsson
Leó Guðrúnarson Jáuregui
Kolbeinn Kjói Kjartansson
Kári Hilmarsson
Orri Hallfríðar Þórisson
Ármann Áki Gunnarsson
Leó Rafn Kamban Sindrason
Tristan Gjúki Guttesen
Þorfinnur Sigurðr Knörr Arnaldarson

Þorkell Tumi Jónasson
Jóhann Orri Harðarson
Þorlákur Benediktsson
Vésteinn Sigurjónsson
Pétur Xiaofeng Árnason
Þorri Hrafnsson
Matvii Levchenko
Refur Ari Ólafsson

Söngsveitin Fílharmónía

Sópran

Agnes Jórunn Andrésdóttir
Anna Margrét Björnsdóttir
Arndís Anna K. Gunnarsdóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Ásthildur Hanna Ólafsdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Brynhildur Pálmarsdóttir
Dagbjört Andrésdóttir
Dagný Arnalds
Dagný Björk Guðmundsdóttir
Harpa Hrund Berndsen
Helga Kolbrún Magnúsdóttir
Hlín Kristbergsdóttir
Hólmfríður Steinþórsdóttir
Jóhanna Hólmfríður Helgadóttir
Kristjana Skúladóttir
Margrét Ásgeirsdóttir
Margrét Wendt
Rúna Vala Þorgrímsdóttir
Sigríður Geirsdóttir
Sigríður Lilja Skúladóttir
Sigríður Rósa Snorradóttir
Sólrún Jónsdóttir
Sólveig Halldórsdóttir
Vigdís Sigurðardóttir
Þorbjörg Sigfúsdóttir
Þórunn Elín Pétursdóttir
Þuríður Skarphéðinsdóttir

Alt

Agnes Hlynsdóttir
Anna Herdís Pálsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Ásdís Ármannsdóttir
Ásthildur Erlingsdóttir
Bára Elíasdóttir

Elísabet Ólafsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Hildur Pétursdóttir
Hulda Hjartardóttir
Kristrún Helga Kristþórsdóttir
Lea Pokorny
María Björk Gunnarsdóttir
María Guðmundsdóttir
Pálína Sigurðardóttir
Ragna Bjarnadóttir
Ragnheiður Einarsdóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Sigríður Gisela Stefánsdóttir
Sigbrúður Gunnarsdóttir
Soffía Björk Smith
Sólrún Svava Skúladóttir
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
Svanhvít Lilja Ingólfssdóttir
Una Strand Viðarsdóttir
Unnur Sigmarsdóttir
Vala Kolbrún Pálmadóttir
Þóra Harðardóttir
Þóra V. Guðmundsdóttir

Tenor

Arnór Bogason
Davíð Stefánsson
Egill Pálsson
Egill Smári Tryggvason
Georg Haney
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Gunnar Freyr Steinsson
Hans Júlíus Þórðarson
Jökull Sindri Gunnarsson
Jósúa Theodórsson
Kristján Kristinsson
Márus Björgvin Gunnarsson
Ólafur Guðmundsson

Thomas Hammel
Þengill Ólafsson
Þorkell Máni Þorkelsson
Þórsteinn Ágústsson
Þorsteinn Magni Björnsson

Bassi

Birgir Tryggvason
Björn Reynir Halldórsson
Brynjar Örn- og Guðjónsson
Doruk Beyter
Guðjón Emilsson
Guðmundur Alfreðsson
Gunnar Þorgilsson
Haukur K. Bragason
Helgi Heiðar Stefánsson
Hilmar Adam Jóhannsson
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Jóhannes Karl Karlsson
Jonas Koesling
Jónas Örn Helgason
Kristinn Guðnason
Oddgeir Páll Georgsson
Orri Jónsson
Óskar Ericsson
Páll Tómas Viðarsson
Pétur S. Gunnarsson
Sigurður Örn Stefánsson
Sigurjón Halldórsson
Sindri Kristinsson
Stefan Sand Groves
Sverrir Már Sverrisson
Tryggvi Helgason
Þorsteinn Þorsteinsson

Kammerkór Tónlistarháskólans í Graz

Sópran

Doris Prach
Tanja Lechner
Mariana Duque
Felicitas Spörk
Christine Moik
Carina Spörk
Joy Chiang
Sabrina Steindl
Laura Wiesinger

Alt

Kornelia Streicher
Katharina Klammler
Magdalena Winkler
Barbara Kleinoscheg
Leonie Roubal
Noa Walch
Tehovnik Aleksandra
Radojic Kaja

Tenór

Lukas Edl
Pius Cornelius Carlin
Konrad Artur Cygal

Anton Edl
Andreas Galler
Lorenzo De Cillia

Bassi

Felix Breuß
Herster Matthias
David Siebenhofer
Forian Steindl
Paul Zwitter
Gabriel Popa
Josef Schuster
Daniel Buchmayer

Kór Akraneskirkju

Sópran

Anna Björk Nikulásdóttir
Anna Soffía Hákonardóttir
Bjargey Magnúsdóttir
Bryndís Böðvarsdóttir
Carmen Izaguirre
Elísabet Jóhannesdóttir
Júlíana Viðarsdóttir
Klara Gunnarsdóttir
Þórgunnur Stefánsdóttir

Alt

Brynhildur Stefánsdóttir
Erla Olgeirsdóttir
Eydís Líndal Finnbogadóttir
Jensína Valdimarsdóttir
Rún Halldórsdóttir
Sigríður Skúladóttir
Sigrún Þorbergsdóttir

Tenór

Bjarki Jóhannesson
Halldór Hallgrímsson
Ingþór Bergmann Þórhallsson

Jón Haukur Hauksson
Þorsteinn Gíslason
Þráinn Haraldsson

Bassi

Ástþór Vilmar Jóhannsson
Bjarni Rúnar Jónsson
Daniel Schnell
Gísli Björnsson
Guðmundur Valsson
Magnús Ólafs Hansson
Þróstur Þór Ólafsson

Skólakór Kársness

Aldís Lilja Hafsteinsdóttir
Amanda María Eggertsdóttir
Anna Guðrún Jónasdóttir
Arnaldur Darri Árnason
Arnbjörg Þorbjarnardóttir
Ágústa Eva Jónsdóttir
Ásdís Erna Jóhannsdóttir
Baldur Páll Snorrason
Bríet Gestsdóttir
Elinor Vígðís Skúladóttir
Elsa Santos
Emma Ninja Þórisdóttir
Erla Rán Róbertsdóttir
Glódís Hera Árnadóttir
Gunnar Karl Sigurðsson
Heiðbjört Dilljá Kristjánsdóttir

Herdís Steinarsdóttir
Hrafkatla Ýma Helgadóttir
Hrafntinna Gísladóttir
Íris Erla Jónsdóttir
Katrín Ásta Benjaminsd. Wheat
Katrín Emma Þórðardóttir
Katrín Rós Harðardóttir
Klara Rós Bergmann
Kristján Már Axelsson
Kristján Óli Gustavsson
Lára Kristbjörg Þórarinsdóttir
Ljósbjörg Helga Daníelsdóttir
Margrét Dúna Guðmundsdóttir
Nói Hrafn Bergmann Elínarson
Ragnheiður Jónasdóttir
Ragnheiður Óskarsdóttir

Rona Anita Bujupi
Salka Steinarsdóttir
Sara Margrét Jónasdóttir
Sara Viktoría Hlíðarsdóttir
Sóley Sigursteinsdóttir
Stígur Sær Kjartansson
Tinna Sigríður Helgadóttir
Tómas Kári Guðmundsson
Valborg Leah Pálsdóttir
Valentína Mirra Passaro
Valmundur Rósmar Eggertsson
Ylfa Karen Guðbjörnsdóttir
Þorbjörg Gróa Eggertsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Emma Steele
Una Sveinbjarnardóttir
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Justyna Bidler
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kateryna Mysechko
Dóra Björgvinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson

Víola

Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Łucja Koczot
Kathryn Harrison

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson
Símon Karl Sigurðarson
Melsteð

Fagott

Louisa Slosar
Guðrún Erlendsdóttir
Dagbjört Ingólfssdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Píanó

Mathias Halvorsen
Helga Bryndís Magnúsdóttir

Selesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Matthias Engler
Kjartan Guðnason
Ólafur Hólm Einarsson
Emil Þorri Emilsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Himnasælusinfónía með Barböru Hannigan

FIMMTUDAGUR 15. JÚNÍ | KL. 19:30 | HARPA
FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ | KL. 19 | HOF

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan er væntanleg til Íslands á ný og heldur tvöna tónleika með hljómsveitinni. Á efnisskránni eru hrífandi tónverk þar sem ljóðræna og leikgleði Hannigan fá að njóta sín jafnt í söng og hljómsveitarstjórn; Kraftaverkasinfónía Haydns og Himnasælusinfónía Mahlers.

MÍÐASALA HAFIN